

Landskerfi bókasafna senn í gagnið

Ein skrá – einn gagnagrunnur

LANDSKERFI bókasafna sem sagt er vera alger bylting í skipulags- og dreifingarmálum bókasafna um land allt, hefur verið í vinnslu og bígerð um allnokkurt skeið. Árni Sigurjónsson er í forsvari fyrir verkefnið og hann svaraði nokkrum spurningum Morgunblaðsins.

– Segðu okkur aðeins frá grundvallarhugsun „Landskerfis bókasafna“

„Landskerfi bókasafna verður sameiginlegt kerfi íslenskra bókasafna og markmið þess að bæta verulega þjónustu safnanna, meðal annars með því að veita að gang að safnaskrá á veraldarvefnum. Á vissan hátt er þetta liður í því að byggja upp tæknivætt upplýsingasamfélag á Íslandi, enda held ég að flestir séu sammála um að þetta sé mikið framfaramál.“

– Hver verður ávinningurinn að þessari breytingu?

„Í landinu eru nú um 400 bókasöfn og fæst þeirra eru beintengd öðrum söfnum. Það þýðir að þegar ný bók kemur út eru mörg söfn, oft kannski tugir safna, að skrá sömu bókinu hvert í sínu lagi. Með nýja kerfinu verðum við bara með eina skrá, einn gagnagrunn sem sagt, og þegar ný bók hefur eitt sinn verið skráð t.d. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri, þá nægir öðrum söfnum í kerfinu í rauninni að haka við að þau eigi líka þessa bók og þá geta þau þegar í stað byrjað að lána út. Ég vonast sem sagt til að það verði gríðarlegur vinnusparnaður af þessu, þegar á heildina er litið.“

En það er ýmislegt fleira sem vinnst. Skráningin ætti að verða vandaðri en áður þar sem færri og sérhæfðari starfsmenn koma að henni, geymsla gagna verður öruggari, kerfið verður hraðvirkt, það verður notendavænt og byggist á grafísku viðmóti, svona eins og menn hafa nú almennt vanist á nútíma tölvum. Og loks má nefna að kerfið er þróað af mjög öflugum fyrirtæki sem fylgist vel með nýrri tækni.“

– Hve margir aðilar og hve mörg söfn munu koma að Landskerfi bókasafna?



Árni Sigurjónsson

► Árni Sigurjónsson er fæddur í Reykjavík 1955. Lauk doktorsprófi í bókmenntafræði frá Stokkhólmsháskóla 1984. Starfaði við ritstjórn hjá Máli og menningu og sem stundarkennari við HÍ í áratug. Síðan í nokkur ár við forritun hjá Íslenskri erfðagreiningu, en er nú að ljúka MBA-námi við Háskólann í Reykjavík. Maki er dr. Ásta Bjarnadóttir, lektor við HR, og eru börnin tvö, Snjólaug og Ólafur Kjaran.

prufu úr Gegni í nýja kerfið og svo er farið nákvæmlega yfir þau til að ganga úr skugga um að yfirfærslan sé eins og til er ætlast. Annar áfangi verður þegar við undirritum samning um hýsingu kerfisins í júní og nú er stefnt að því að kerfið verði opnað almenningi í ágústlok með skránni Gegnissafnanna, þ.e.a.s. Landsbókasafnsins og fleiri safna. Þá kemur röðin að fengssöfnunum fáum mánuðum síðar og þannig koll af kalli.

Nú, svo munum við ná þeim áfanga núna í júní að velja nafn á kerfið. Við höfum leitað eftir hugmyndum að nafni hjá bókasafnsfræðingum og fengið margar uppástungur frá þeim og reyndar frá ýmsum öðrum. Hér gildir náttúrulega að það er sama hvaðan gott kemur og við gætum vel þegið fleiri uppástungur um nafn, gjarnan eitthvað sem kæmi vel út í veffangi kerfisins, ef menn vildu senda okkur hugmyndir. Þó verð

„Kerfið verður rekið af hlutfélagi sem var stofnað í nóvember 2001, Landskerfi bókasafna hf. og eigendur þess eru ríkið, sem á um það bil helming, og 26 framsýn sveitarfélög. Fyrirtækið er opið öllum sveitarfélögum, og ég vona að þau sveitarfélög sem enn standa utan kerfisins og hafa einhver söfn á sínum snærum drifi í því að gerast hluthafar, helst fyrir aðalfundinn núna í júní. Málið er nefnilega það að söfn sem ætla að vera með á annað borð og hafa einhvern tölvuskráðan bókakost, þurfa helst að vera með frá byrjun svo gögnin séu flutt yfir í nýja kerfið þegar í upphafi. Ef þau gera það ekki getur orðið dýrt að flytja gögnin síðar og þau dragast

... ef menn vildu senda uppástungur

aftur úr öðrum söfnum tæknilega. En miðað við núverandi þátttöku getum við gert ráð fyrir að yfir 300 söfn tengist þessu kerfi.“

– Hvenær verður breytingin gengin um garð að fullu?

„Þetta verkefni er gríðarlega viðamikilið og tekur raunar nokkur ár að koma öllu saman í gang, en áfangarnir nást einn af öðrum. Í næstu viku verða gögn færð til

ég að taka fram að við þurfum að hafa allar uppástungur í fyrstu viku júní og geta menn sent tilögur sínar á netfangið landskerfi@landskerfi.is“

– Hver er helsti ávinningur þeirra sem nýta sér kerfið?

Ég held að ávinningurinn verði gífurlegur. Í fyrsta lagi er það vegna þess að aðgengið verður um veraldarvefinn og nettengdur maður getur setið við grúsk í Kúala Lúmpúr og flett upp í gögnun, t.d. bókasafnsins á Húsavík án þess að standa upp frá skrifborði sínu. Í öðru lagi verður um

að ræða aðgengi að safnkosti flestallra íslenskra almennings-, skóla- og rannsóknarbókasafna á einum stað. Það þýðir að þessi

náungi í Kúala Lúmpúr fær á augabragði að vita ef bókin sem hann var að leita að á Húsavík reynist vera til á Seyðisfirði þótt hana vanti á Húsavíkursafnið, svo dæmi sé tekið. Í þriðja lagi má nefna að notendaviðmótið verður þægilegra fyrir notendur, bæði flottara, hraðvirkara og sveigjanlegra, t.d. hvað varðar leitarmöguleika.“